

15 — Ír viðhaldi hans framvegis. Virtist ráðinu bezt til fallið, að sýslunefnd Eyfirðinga tæki að sjer stjórn kvennaskólans eptirleiðis, og að hún útvegaði honum fje að láni á sína ábyrgð, ef skólinn þyrfti lán að taka. Samþykki til að taka slíkt lán, er sýslunefndinni þætti nauðsynlegt, vildi amtsráðið fúslega gefa henni. Þá vildi og amtsráðið gefa umboðsmanni Eggert Gunnarssyni sín beztu meðmæli til þess að útvega þessari þarflegu stofnun fjárstyrk erlendis.

21. Amtsráðið samdi tillögur um breyting á búnaðarskýrslum þeim, er hreppstjórar hafa hingað til gefið eptir framtali í fardögum ár hvert, þannig að í staðinn fyrir þessa skýrslu skyldu koma tvær skýrslur, önnur um lausafje, og hin um landeign, ábúð og landsnytjar. Voru skýrslusnið til búin að laga skýrslur þessar eptir svo sem amtsráðið hugsaði sjer þær, og ályktað að senda landshöfðingja þau með álits-skjalinu um frumvarp til reglugjörðar fyrir hreppstjóra.
22. Að síðustu samþykkti amtsráðið að veita 25 kr. þóknun úr jafnaðarsjóðnum fyrir skriptir við amtsráðið á yfirstandanda ári.

Fleiri mál komu eigi til umræðu á þessum fundi.

Akureyri 27. desbr. 1879.

Christiansson.

Stjórnarbrjef og auglýsingar.

16 — *Úrskurður landshöfðingja um styrk handa ættfræðingi.* — Bjarni Guð-
20. jan. mundsson tómthúsmaður í Kirkjubogi suður í Höfnum hafði samkvæmt vottorðum áreið-
anlegra manna lagt í 28 ár mjög mikla stund á að rita ættartölur og að rekja ættir merkismanna frá fyrri öldum niður til núlifandi manna og komið upp ættartölusafni á hjer um bil 750 arkir. Til þess að halda áfram þessum störfum var honum veittur 100 kr. styrkur af fje því, sem 15. gr. fjárlaganna um árin 1880 og 1881 ætlar til vísindalegra og verklegra fyrirtækja.

17 — *Brief landshöfðingja til stiðtsyfirvaldanna um styrk til dýra- og mynda-*
20. jan. safns. — Samkvæmt tillögum stiðtsyfirvaldanna í þóknanlegu brjefi frá 17. þ. m. hefi jeg af fje því, sem í 15. gr. fjárlaganna fyrir árin 1880 og 1881 er ákveðið til vísinda-
legra og verklegra fyrirtækja veitt skólakennara Benedikt Gröndal 200 kr. styrk fyrir árið 1880 til að halda áfram dýrasafni því og myndasafni íslenzkra dýra, sem hann nokkur ár hefir unnið að, og sem á sínum tíma á að taka inn í náttúrusögusafn lærða skólans. Af þessari upphæð er búið að veita nefndum skólakennara 100 kr. Hinn helminginn getur hann samkvæmt beiðni sinni fengið útborgaðan um lok júlímánaðar næstkomandi.

Jafnframt því að tjá yður þetta til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda, vil jeg skjóta því til yðar að sjá um, að Benedikt skólakennara Gröndal verði gefinn kostur á að auglýsa í næstu skólaskýrslu, hvað honum hafi orðið ágengt með nefnt dýra- og myndasafn, frá því að hann fyrst fór að fást við það, sbr. brjef landshöfðingja frá 8. marz 1875 (stjórnartíð. f. á. B. 11) og til útgöngu skólaársins 1879—80, svo og að eptirleiðis verði á sama hátt prentuð skýrsla um þetta í skólaskýrslu hvers einstaks skólaárs.